

Leiðréttingar á eigin fé

Skattframtal rekstraraðila, **RSK 1.04**, skal byggjast á ársreikningi, sem gerður er í samræmi við ákvæði laga um bókhald og eftir atvikum laga um ársreikninga. Framtalið byggir þannig á reglum reikningshalds, ásamt þeim breytingum sem nauðsynlegar kunna að vera til samræmis við ákvæði skattalaga. Misræmi, sem leiðir af mun á reglum reikningshalds og skattalaga, þarf því að leiðrétta til að ná fram rétttri niðurstöðu í samræmi við skattalög. Í þessum kafla framtalsins eru gerðar skattalegar leiðréttingar á eigin fé samkvæmt ársreikningi, til að fá út framtalsskylda hreina eign. Byrjað er með fjárhæðina í reit 7000 (en hún er fengin úr reit 6690 *Eigið fé samtals við lok reikningsárs*) og hún leiðrétt til skatts í reitum 7030 til 7190, þ.e. allt þar til réttur skattstofn er fundinn.

Eigið fé samtals Sjá reit 6690 á bls. 4	*	=	7000
Varanlegir rekstrarfjármunir (þ.m.t. fasteignir) skv. ársreikningi	-		7030
Óefnislegar eignir skv. ársreikningi	-		7040
Fasteignir á fasteignamatsverði	+		7050
Aðrir varanlegir rekstrarfjármunir skv. skattalögum	+		7060
Óefnislegar eignir skv. skattalögum	+		7070
Skattaleg leiðrétting á hlutdeild í eigin fé ósjálfstæðra skattaðila	*	+/-	7080
Skattaleg leiðrétting á eignarhlutum í öðrum félögum	*	+/-	7090

Skattaleg leiðrétting á kröfum og ábyrgðum	*	+/-	7100
Niðurfærsla birgða	-		7105
Arður (reiknaður)	+		7110
Eftirlaunaskuldbindingar	+		7120
Tekjuskattsskuldbinding	+		7130
Óráðráttarbær opinber gjöld	+		7140
Aðrar leiðréttingar skv. yfirliti	*	+/-	7190
Hrein eign /skuldir umfram eignir Samtala reita 7000 til 7190	*	=	7990

**Mikilvægt er
að fyllt sé út í
alla samtölureiti,
s.s. reit 7990**

7000 Eigið fé samtals

Hér kemur sama tala og er í reit 6690 á 4. síðu framtalsins, þ.e. talan er flutt hingað til að unnt sé að gera skattalegar leiðréttingar á eigin fé í reitum 7030 til 7190. Ef fjárhæðin er neikvæð þarf að gefa henni mínusformerki.

7030 Varanlegir rekstrarfjármunir (þ.m.t. fasteignir) skv. ársreikningi

Hér skulu dregnar frá fasteignir í reit 5022 og þeir varanlegu rekstrarfjármunir sem færðir eru í reit 5027, til þess að eignfærsla þessara liða geti orðið í samræmi við ákvæði skattalaga. Þessir fjármunir eru dregnir hér frá á bókfærðu verði skv. ársreikningi, en þeim síðan bætt við aftur í reit 7060 (að frádregnum fasteignum) á bókfærðu verði skv. skattalögum. Fasteignir færast á fasteignamatsverði í reit 7050.

7040 Óefnislegar eignir skv. ársreikningi

Hér skulu dregnir frá þeir óefnislegu rekstrarfjármunir sem færðir eru í reit 5010, ef eignfærsla þeirra þar er ekki í samræmi við reglur skattalaga. Því eru slíkir fjármunir dregnir frá hér, en þeim síðan bætt við aftur í reit 7070, eins og þeir eru virtir skv. skattalögum.

7050 Fasteignir á fasteignamatsverði

Þar sem fasteignir skal færa á fasteignamatsverði í skattalegu tilliti, sbr. 1. tl. 73. gr. skattalaga, skal hér færa inn fasteignamat þeirra til þess að ná fram réttu skattalegu mati.

Í reit 7030 átti að draga frá bókfært verð fasteigna sem fram kom í reit 5022 og í þessum reit skal síðan fasteignamat sömu fasteigna fært inn.

Þær fasteignir, sem ekki hafa fengið fasteignamat, skal telja til eignar á stofnverði, að frádregnum fengnum fyrningum, eða á áætluðu fasteignamatsverði sambærilegra eigna, hvort sem hærra er, skv. 2. málsl. 1. tl. 73. gr. skattalaga. Sama á við um byggingarkostnað sem ekki hefur komið inn í fasteignamat.

7060 Aðrir varanlegir rekstrarfjármunir skv. skattalögum

Í þennan reit skal færa bókfært verð annarra varanlegra rekstrarfjármuna en fasteigna, skv. skattalögum. Bókfært verð þessara fjármuna skv. ársreikningi á að hafa verið dregið frá í reit 7030 og þarf því að bæta verðmæti þeirra hér inn aftur, þ.e. öðrum en fasteignum sem eiga að hafa verið færðar í reit 7050.

7070 Óefnislegar eignir skv. skattalögum

Í þennan reit skal færa bókfært verð óefnislegra rekstrarfjármuna skv. skattalögum. Bókfært verð þessara fjármuna skv. ársreikningi á að hafa verið dregið frá í reit 7040 og þarf því að bæta verðmæti þeirra hér inn aftur.

7080 Skattaleg leiðrétting á hlutdeild í eigin fé ósjálfstæðra skattaðila

Ef eignfærð hlutdeild í eigin fé ósjálfstæðra skattaðila í reit 5050 er ekki í samræmi við reglur skattalaga, skal leiðrétting færð hér. Leiðréttingar sem hækka hreina eign færast sem + (plús) fjárhæðir en leiðréttingar sem lækka hreina eign færast sem - (mínus) fjárhæðir.

7090 Skattaleg leiðrétting á eignarhlutum í öðrum félögum

Ef eignfærð hlutdeild í öðrum félögum í reitum 5030, 5035, 5040 og 5045 er ekki í samræmi við reglur skattalaga, skal leiðrétting færð hér. Hlutabréf skal almennt telja til eignar á nafnverði, nema sannað sé að raunvirði eigna félags að frádregnum skuldum sé lægra en hlutafé þess, sbr. 5. tl. 73. gr. skattalaga. Leiðréttingar sem hækka hreina eign færast sem + (plús) fjárhæðir en leiðréttingar sem lækka hreina eign færast sem - (mínus) fjárhæðir.

7100 Skattaleg leiðrétting á kröfum og ábyrgðum

Hafi kröfur verið færðar niður í ársreikningi umfram heimildir skattalaga, skal leiðrétting í þessum reit. Sama á við sé niðurfærslan minni en heimildir skattalaga. Leiðréttingar sem hækka hreina eign færast sem + (plús) fjárhæðir en leiðréttingar sem lækka hreina eign færast sem - (mínus) fjárhæðir.

7105 Niðurfærsla birgða

Hér er færð sú skattalega niðurfærsla birgða (5%), sem heimiluð er í 4. tl. 31. gr. skattalaga. Hér kemur niðurfærslan í lok reikningsárs. Þetta er sama fjárhæð og í reit 4093.

7110 Arður (reiknaður)

Arð vegna rekstrarársins skal færa hér, enda hafi hann verið færður til skuldar í reitum 6705 til 6840.

Athuga ber að ekki er lengur heimilt að draga úthlutaðan arð af hlutafé frá tekjum til skatts og er hann því ekki lengur frádráttarbær frá eignum.

7120 Eftirlaunaskuldbindingar

Þar sem eftirlaunaskuldbindingar þær, sem færðar eru í reit 6710, eru að jafnaði ekki viðurkenndar til frádráttar eignum skv. skattalögum, þarf að bæta þeim við hreina eign í þessum reit.

7130 Tekjuskattsskuldbinding

Þar sem tekjuskattsskuldbinding sú, sem færð er í reit 6720, er ekki viðurkennd til frádráttar eignum skv. skattalögum, þarf að bæta henni við hreina eign í þessum reit.

7140 Ófrádráttarbær opinber gjöld

Í þennan reit skal færa ófrádráttarbær opinber gjöld, þ.e. áætlaðan og ógreiddan tekjuskatt vegna næsta árs, sem skuldfærð hafa verið. Þar sem ekki er heimilt að draga ofangreind gjöld frá hreinni eign, verður að bæta þeim við í þessum reit.

7190 Aðrar leiðréttingar skv. yfirliti

Í þessum reit er hægt að gera aðrar þær leiðréttingar sem þörf er á að gera, til þess að færa hreina eign samkvæmt ársreikningi til réttar hreinnar eignar skv. skattalögum. Leiðréttingar sem hækka hrein eign færast sem + (plús) fjárhæðir en leiðréttingar sem lækka hreina eign færast sem - (mínus) fjárhæðir.

Gera skal grein fyrir sundurliðun þessara leiðréttinga í sundurliðunartöflu framtalsins.**7990 Hrein eign / skuldir umfram eignir**

Hér kemur hrein eign eða skuldir umfram eignir, þ.e. eigið fé í reit 6690/7000 að teknu tilliti til skattalegra leiðréttinga í reitum 7030 til 7190. Ef fjárhæðin er neikvæð þarf að gefa henni mínusformerki.

Jákvæða niðurstöðutölu í þessum reit (þ.e. ef eignir eru meiri en skuldir) á að flytja í reit 0920 Hrein eign, en neikvæða niðurstöðutölu (þ.e. ef skuldir eru meiri en eignir) á að flytja, án mínusformerkisins, í reit 0930 Skuldir umfram eignir á fyrstu síðu framtalsins.

Samanburður virðisaukaskattsskýrslna við bókhald og ársreikning

Hér skal færa virðisaukaskatt samkvæmt þegar innsendum virðisaukaskattsskýrslum (þ.m.t. þegar innsendum leiðréttingarskýrslum). Til samanburðar er svo færður virðisaukaskattur samkvæmt bókhaldi og ársreikningi.

Þessar upplýsingar eru þær sömu og áður voru gefnar á samanburðarskýrslu virðisaukaskatts, **RSK 10.25**, sem skilað hefur verið með skattframtali. Ef vsk. númer framteljanda eru fleiri en eitt, skal þó áfram skila **RSK 10.25** vegna hvers númers. Hér skal gera grein fyrir öllum virðisaukaskatti framteljanda, þ.e. vegna allra virðisaukaskattsnúmera hans, enda sé **RSK 10.25** skilað fyrir hvert númer, séu þau fleiri en eitt.

Afstemming útskatts verður framkvæmd með eftirfarandi hætti (formúlu):

$0530 = ((1017 - 2477) \times 0,24) + ((1027 - 2497) \times 0,11) - (2475 \times 0,255) - (2480 \times 0,245) - (2490 \times 0,14) - (2495 \times 0,07) + \text{útskattur í dálki 15 í eignaskrá RSK 4.01.}$

Rétt er að taka fram að í blandaðri starfsemi skal áfram fylla út og skila eyðublaði RSK 10.27 Afstemming virðisaukaskatts vegna blandaðrar starfsemi.

Samanburður virðisaukaskattsskýrslna við bókhald og ársreikning

	Samkv. bókhaldi og ársreikningi	Samkv. virðisaukaskattsskýrslum	Mismunur
Skattskyld velta án vsk. í 25,5% þrepi * $\begin{matrix} + \\ - \end{matrix}$	0505	0555	0605
Skattskyld velta án vsk. í 24,5% þrepi * $\begin{matrix} + \\ - \end{matrix}$	0500	0550	0600
Skattskyld velta án vsk. í 24% þrepi * $\begin{matrix} + \\ - \end{matrix}$	0507	0557	0607
Skattskyld velta án vsk. í 14% þrepi * $\begin{matrix} + \\ - \end{matrix}$	0510	0560	0610
Skattskyld velta án vsk. í 11% þrepi * $\begin{matrix} + \\ - \end{matrix}$	0517	0567	0617
Skattskyld velta án vsk. í 7% þrepi * $\begin{matrix} + \\ - \end{matrix}$	0515	0565	0615

0507 Skattskyld velta án vsk. í 24% þrepi skv. bókhaldi og ársreikningi

Hér skal færa skattskylda veltu án virðisaukaskatts í 24% skattþrepi, skv. upplýsingum úr bókhaldi og ársreikningi. Fjárhæðin í þessum reit svarar til samtölu fjárhæðar í reit 1017 og útskattaðs söluverðs seldra eigna, að frádreginni fjárhæðinni í reit 2477.

0505, 0500, 0510 og 0515 Skattskyld velta án vsk. í 25,5%, 24,5%, 14% og í 7% þrepi skv. bókhaldi og ársreikningi

Hér skal færa skattskylda veltu án virðisaukaskatts í 25,5%, 24,5%, 14% og í 7% skattþrepi, skv. upplýsingum úr bókhaldi og ársreikningi. Fjárhæðin í þessum reitum svarar til fjárhæðarinnar í reitum 2475, 2480, 2490 og 2495 (færst sem mínustala).

0517 Skattskyld velta án vsk. í 11% þrepi skv. bókhaldi og ársreikningi

Hér skal færa skattskylda veltu án virðisaukaskatts í 11% skattþrepi, skv. upplýsingum úr bókhaldi og ársreikningi. Fjárhæðin í þessum reit svarar til fjárhæðarinnar í reit 1027, að frádreginni fjárhæðinni í reit 2497.

0520 Undanþegin velta (12. gr.) skv. bókhaldi og ársreikningi

Hér skal færa veltu í virðisaukaskattsskyldri starfsemi, sem undanþegin er skv. 1., 2. og 4. mgr. 12. gr. laga um virðisaukaskatt. Fjárhæðin í þessum reit svarar til fjárhæðarinnar í reit 1030, að viðbættri þeirri fjárhæð sem til er komin vegna seldra eigna er tilheyra undanþeginni veltu, að frádreginni fjárhæðinni í reit 2500.

0530 Útskattur skv. bókhaldi og ársreikningi

Hér skal færð fjárhæð útskatts, eins og hún reynist vera skv. bókhaldi og ársreikningi.

0540 Innskattur skv. bókhaldi og ársreikningi

Hér skal færð fjárhæð innskatts, eins og hún reynist vera skv. bókhaldi og ársreikningi.

0555 - 0590 Samkvæmt virðisaukaskattsskýrslum

Hér skal færa upplýsingar um veltu án virðisaukaskatts í báðum skattþrepum, undanþegna veltu, útskatt og innskatt, skv. þegar innsendum virðisaukaskattsskýrslum, þ.m.t. þegar innsendum leiðréttingarskýrslum.

0605 - 0640 Mismunur

Hér færst mismunur reita 0505 og 0555, reita 0500 og 0550, reita 0507 og 0557 reita 0510 og 0560, reita 0517 og 0567, reita 0515 og 0565, reita 0520 og 0570, reita 0530 og 0580 og að lokum reita 0540 og 0590. Mismunurinn telst vera jákvæður og er færður sem plústala ef fjárhæðin í fremsta dálkinum er hærrí en fjárhæðin í miðdálkinum. Mismunurinn telst vera neikvæður og er færður sem mínustala ef fjárhæðin í fremsta dálkinum er lægri en fjárhæðin í miðdálkinum.

Komi fram mismunur í reitum 0605, 0600, 0607, 0610, 0617, 0615, 0620, 0630 eða 0640, skal fylla út og skila leiðréttingarskýrslu virðisaukaskatts, RSK 10.26, vegna hvers virðisaukaskattsnúmers. Sé mismunur jákvæður (skuld) skal skila skýrslu ásamt greiðslu til innheimtumanns, en sé hann neikvæður (inneign) eða núll, vegna færslu á milli tímabila, skal skýrslunni skilað til skattstjóra. Sama á við ef mismunur er einungis vegna álags.

Ýmis innskattur

Í þessum kafla skal færa ýmsar upplýsingar um innskatt til þess að afstemming hans sé möguleg. Við afstemmingu innskatts á **RSK 1.04** er eftirfarandi formúlu beitt:

$$0540 = ((2800 - 2040 - 2130) \times 0,24) + ((2815 - 2055 - 2145) \times 0,11) - 0650 + 0660 + 0670 + 0680 - 0690 + 0695 + \text{innskattur í dálki 6 í eignaskrá RSK 4.01.}$$

Með þessu móti er athugað hvort innskattur skv. reit 0540 sé í samræmi við sundurliðun gjalda m.t.t. virðisaukaskatts og upplýsingar í reitum 0650 til 0695.

Af þessu leiðir að mikilvægt er að sundurliðunin í mismunandi þrep virðisaukaskatts á 2. síðu rekstrarframtalsins sé rétt. Tekið skal fram að ekki er heimilt að færa fjárhæðir í aftasta dálkinn (Ekki vsk.) til að komast hjá réttri afstemmingu innskatts.

Sá mismunur, sem í einstaka tilfellum kann að koma fram við afstemmingu innskatts, þarf að eiga sér eðlilegar skýringar og vera rekjanlegur í bókhaldsgögnum.

Ýmis innskattur

Bakfærður innskattur * \pm	0650	Innskattur greiddur í tolli vegna innflutnings	0680
Innskattur af eignfærðum kostnaði * \pm	0660	24% af kaupverði innfluttra rekstrarfjármuna	0690
Innskattur af eignfærðri fjármögnunarleigu	0670	Annar handfærður innskattur skv. yfirliti * \pm	0695

0650 Bakfærður innskattur

Hér skal færa bakfærðan innskatt af varanlegum rekstrarfjármunum vegna breytinga á forsendum fyrir frádrætti innskatts á árinu, sbr. ákvæði IV. kafla reglugerðar 192/1993 um innskatt. Bakfærður innskattur (þ.e. lækkun hans) færist sem + (plús) en hækkun á innskatti færist sem - (mínus).

0660 Innskattur af eignfærðum kostnaði

Hér skal annars vegar færa innskatt vegna eignfærðra aðfanga, sem hvorki hafa verið færð í töflu yfir sundurliðun gjalda m.t.t. virðisaukaskatts (reitir 2010 til 2530) né verið eignfærð í eignaskrá *RSK 4.01*. Innskattur þessi færist sem + (plús) tala.

Hins vegar færist hér innskattur vegna eignfærðs kostnaðar, sem færður hefur verið í töflu yfir sundurliðun gjalda m.t.t. virðisaukaskatts (reitir 2010 til 2530) en verið bakfærður í reit 3180 og síðan verið færður inn á eignaskrá *RSK 4.01* og innskattur tilgreindur. Innskattur þessi færist sem - (mínus) tala.

0670 Innskattur af eignfærðri fjármögnunarleigu

Hér skal færa virðisaukaskatt af leigugreiðslum, þegar fjármögnunarleiga hefur verið eignfærð og fyrnd og leigan er ekki (innifalin í fjárhæð) í reit 2390.

0680 Innskattur greiddur í tolli vegna innflutnings

Hér skal færa greiddan virðisaukaskatt í tolli, vegna alls innflutnings, þ.m.t. vegna innflutnings á hráefnum, vörum og varanlegum rekstrarfjármunum. Virðisaukaskattur vegna innflutnings, sem greiddur er í tolli, er ekki í öllum tilfellum sama fjárhæð og reiknast myndi af t.d. erlendum hráefnakaupum eða vörukaupum skv. rekstrarhluta framtalsins, þ.e. 24% af

fjárhæðum í reitum 2040 og 2130 og 11% af fjárhæðum í reitum 2055 og 2145. Raunverulegan virðisaukaskatt vegna alls innflutnings sem greiddur hefur verið í tolli þarf því að tilgreina hér.

0690 24% af kaupverði innfluttra rekstrarfjármuna

Hér skal færa 24% af kaupverði þeirra varanlegu rekstrarfjármuna, sem fluttir hafa verið inn erlendis frá og sem innskattaðir hafa verið, og innskattur tilgreindur á eignaskrá *RSK 4.01*. Við afstemmingu verður innskattur reiknaður af eignakaupum skv. eignaskrá *RSK 4.01*, að viðbætti fjárhæð í reit 0680 en að frádræginni fjárhæð í reit 0690, sbr. formúluna fyrir afstemmingu innskatts hér að ofan.

Í þennan reit færist aðeins fjárhæð vegna fjármuna sem innskattaðir hafa verið.

0695 Annar handfærður innskattur skv. yfirliti

Hér skal færa annan innskatt, sem ekki er gert ráð fyrir að færist í aðra reiti og nauðsynlegt reynist að færa til þess að stemma af innskatt í reit 0540 við aðrar upplýsingar á framtalinu.

Hér getur t.d. verið um að ræða mismun við afstemmingu innskatts, sem nemur greiddum virðisaukaskatti í tolli vegna innfluttra rekstrarvara, sem færa ber í reiti 2070, 2085 eða 2090. Einnig fellur hér undir mismunur við afstemmingu innskatts á framtalinu vegna innflutnings á varahlutum eða viðgerðarþjónustu aðkeyptrar erlendis frá.

Gera skal grein fyrir sundurliðun fjárhæðar í þessum reit í sundurliðunartöflu framtalsins.